



Pingmannatillaga um samnorrænar aðgerðir í aðlögunarmálum

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að veita fé til að koma á fót sjóði sem ætlað er að styðja við og greiða fyrir starfsemi sem tryggir aukið samstarf frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum um lausn vandamála sem tengjast aðlögun. Fjármagn verði útvegað með því að breyta forgangsöröðun innan núverandi fjárhagsramma.

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að kanna áhrif af þátttöku frjálsra félagasamtaka í norrænu samstarfi á sviði aðlögunar;

að taka frumkvæði að því að kanna hvernig frjáls félagasamtök geti á sem árangursríkastan hátt tekið þátt í aðlögunarstarfinu.

Aðdragandi

Straumur flóttafólks og innflytjenda frá Mið-Austurlöndum til Evrópu hefur haft mikil áhrif á Norðurlöndum. Við verðum einnig að horfast í augu við að þróun síðustu ára er ekki bara eitthvað sem snertir okkur í dag, heldur mun hún skipta miklu fyrir þróun á Norðurlöndum til næstu margra ára. Það á bæði við menningarlega og efnahagslega þróun, en einkum mun hún leiða til aukins þrýstings á velferðarstig á Norðurlöndum.

Þó vandinn sé sameiginlegur hafa norrænu löndin nálgast hann á ólíkan hátt. Aðgerðir og árangur þeirra eru einnig mismunandi. Ef á heildina er litið hefur margra ára reynsla á sviði aðlögunar þó ekki getið af sér neinn umtalsverðan árangur. Þótt ný kynslóð sé komin til, er atvinnustig meðal flóttafólks og innflytjenda frá Mið-Austurlöndum langtum lægra en meðal íbúa af norrænum uppruna. Sama tilhneiging birtist í tölum yfir þá sem hafa framið afbrot, í jafnréttismálum og í því hve fátt ungt fólk af öðrum

etnískum uppruna lýkur framhaldsnámi. Þessi þróun er ekki síst áhyggjuefni í ljósi aukinnar tilhneigingar jaðarsettra ungmenna til að laðast að öfgakenndri hugmyndafræði, sem er afleiðing af vaxandi íslamisma í Mið-Austurlöndum.

Við teljum því nauðsynlegt að hugsa í samnorrænum aðgerðum og auknu samstarfi á þessu sviði og líst vel á tillögu um nýja norræna ráðherranefnd sem ætlað er að taka á aðlögunarmálum. Mikilvægt er að hefja umræður og rannsóknir sem miða að sameiginlegum lausnum til lengri tíma. Aðgerðir á vegum frjálsra félagasamtaka hafa yfirleitt borið góðan árangur hvað varðar aukna þátttöku ungs fólks í félagsstarfi, í norrænu menningarstarfi og á vinnumarkaði. Því er mikilvægt að við viðurkennum einnig hlutverk frjálsra félagasamtaka í að leysa þessi verkefni, og leggjum aukna áherslu á þátttöku þeirra í norrænu samstarfi um aðlögunarmál. Um leið ber okkur að nýta okkur aukna áherslu ráðherranefndarinnar á aðlögunarmál til að kanna raunveruleg áhrif af starfsemi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum að málefnum flóttafólks og innflytjenda og aðlögun þeirra á vinnumarkaði.

Kaupmannahöfn, 7. október 2016

Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Brynjar Níelsson (Sj)
Elín Hirst (Sj)
Hans Wallmark (M)
Heidi Nordby Lunde (H)
Juhana Vartiainen (Saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)

Michael Tetzschner (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pia Hallström (M)
Rasmus Jarlov (KF)
Susanna Koski (Saml)
Sylvi Graham (H)
Thomas Finnborg (M)
Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1687/velfærd

Flytjandi:
Flokkahópi hægrimanna

Afgreiðsla:
Velferðarnefnd

Málsnúmer: 16-00258-2